

**Ed.**

**292. Framhaldsnefndarátt**

um frumv. til laga um bann á útflutningi frá Íslandi á vörum innfluttum frá Bretlandseyjum. (Þgskj. 256).

Háttv. Nd. hefir felt 2. gr. frumvarpsins burt, af því hún væntir að heimild fyrir stjórnina til útflutningsbanns á erlendri vöru verði gefin í öðrum lögum sem liggja fyrir þinginu. Að öðru leyti er frumvarpið óbreytt eins og það fór hjeðan úr deildinni.

Vjer erum samdóma háttv. Nd., um að rjett sje að gefa stjórninni umrædda heimild með lögum, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðinum, og væntum að það verði gert. Ráðum vjer því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 10. ágúst 1915.

Jósef Björnsson,  
form.

Steingrímur Jónsson,  
skrifari og framsögum.

M. Pjetursson.